

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Öndverðarnes 2, lóð, L170106, breyting byggingarreits og nýtingarhlutfall.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Öndverðarnes 2, lóð, L170106. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall og byggingarreit er breytt, þar sem skilgreining byggingarreitsins er færð í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum í stað 12 metra. Nýtingarhlutfall er aukið í 0,034 auk þess sem kröfum um þakhalla er breytt úr 15-45° í 0-45°.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Bakkahverfi, L236382, við Álftavatn, breyttir skilmálar.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Bakkahverfis, L236382, við Álftavatn. Um er að ræða breytingu á skilmálum í kafla 2.2. um hámarksstærðir bygginga á svæðinu. Nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,03 í 0,05 til samræmis við breytta stefnu aðalskipulags. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. nóvember 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. mars 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 27. mars 2026